

Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 13 (1.6.2023) - Hvammsvirkjun. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Málsnúmer : 2212059
Málsaðili : Landsvirkjun
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 01.06.2023

Inngangur : Landsvirkjun óskar eftir framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar Rangárþings ytra til byggingar á 95MW Hvammsvirkjun. Landsvirkjun hefur samhliða óskað eftir framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Hvammsvirkjun verður staðsett neðan núverandi virkjana á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár og kemur til með að nýta 32 m fall Þjórsár frá Yrjaskeri rétt ofan við bæinn Haga og niður fyrir Ölmóðsey austan við Þjórsárholt. Virkjunin nýtir miðlað rennsli Þjórsár ofar á vatnasviðinu. Gert er ráð fyrir allt að 95 MW vatnsaflsvirkjun með árlega orkuvinnslu um 740 GWh. Lögð er fram ítarleg greinargerð í umboði beggja sveitarfélaganna.

Niðurstaða : Skipulags- og umferðarnefnd mælist til þess að sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykki framlagða umsókn um framkvæmdaleyfi á grundvelli heimilda aðalskipulags, gildandi deiliskipulags, umhverfismats framkvæmdarinnar og framlagðri greinargerð sem unnin er í sameiningu fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Rangárþing Ytra. Leyfið verði veitt með þeim skilyrðum sem fram koma innan greinargerðar er varðar mótvægisáðgerðir, vöktun og frágang vegna framkvæmdarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipuð verði eftirlitsnefnd í samráði við framkvæmdaaðila og aðra leyfisveitendur. Eftirlitsnefndin mun hafa eftirlit með því að öllum skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Eftirlitsnefndin hefur, ásamt skipulagsfulltrúa, eftirlit með því að framkvæmdin sé í samræmi við leyfi og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum skv. 17. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Nefndin mun skila af sér skýrslu um framkvæmd eftirlitsins við lok hvers áfanga framkvæmdarinnar. Sé settum skilyrðum ekki framfylgt, ásigkomulag, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar eða eigin eftirlit framkvæmdaaðila ábótavant eða stafi af henni hætta skal eftirlitsnefndin tilkynna framkvæmdaaðila skriflega um og úrbóta krafist.